

# **Reglur um meðferð athugasemda og kvartana**

**(settar af útvarpsstjóra 5. maí 2022)**



## Reglur um meðferð athugasemda og kvartana

- 1. gr.** Reglur þessar um meðferð athugasemda og kvartana, eru settar með stoð í 13. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu.

Telji einhver tilefni til að koma á framfæri athugasemdum vegna starfshátta Ríkisútvarpsins eða formlegri kvörtun skal slíku, eftir því sem frekast er kostur, komið á framfæri skriflega hvort heldur rafrænt eða á pappíriformi.

Mikilvægt er, eftir því sem kostur er, að fram komi efni athugasemdar eða kvörtunar, hvernig hún eftir atvikum snerti hagsmunum þess sem athugasemd gerir eða kvartar og hvaða kröfur viðkomandi eftir atvikum gerir af því tilefni.

- 2. gr.** Athugasemdir og kvartanir um dagskrárefni verða að berast skriflega til Ríkisútvarpsins innan fjögurra vikna frá miðlun efnis.

Eftir að kvörtun eða athugasemd berst skal Ríkisútvarpið tryggja að málið fái viðeigandi meðferð innan Ríkisútvarpsins, allt eftir efni og eðli kvörtunar hverju sinni. Leitað skal jafnframt frekari upplýsinga frá þeim sem athugasemd eða kvörtun stafar, eftir því sem nauðsyn krefur.

- 3. gr.** Að niðurstöðu fenginni skal þeim sem kvörtun eða athugasemd barst frá kynnt skriflega afstaða Ríkisútvarpsins til málsins.

Sett af útvarpsstjóra 5. maí 2022

